

Málning hf.  
Dalvegi 18  
201 Kópavogi

Reykjavík, 3. október 2022  
UST202202-342/K.K.  
08.09.02

### **Efni: Reglubundið eftirlit þann 31.08. 2022 – Málning hf, Dalvegi 18**

Þann 31. ágúst 2022 fór fram eftirlit í Málningu hf að Dalvegi 18 í Kópavogi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldra frávik og átti þeim að vera lokið á árinu 2022.

1. Gr. 2.5 í starfsleyfi. Uppfæra skal áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda á a.m.k. fjögurra ára fresti. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila verður áhættumat og viðbragðsáætlun uppfært og gefið út í stýrðu gæðaskjali, sem hluti af gæðakerfi fyrirtækisins. Áætlað var að verkinu lyki eigi síðar en í febrúar 2022. Þessu er ólokið.**
2. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Skrá skal m.a. hitastig þar sem leysiefni eru geymd sbr. gr. 3.4. Skrá skal hitann a.m.k. einu sinni í viku og ef hitasveiflur verða. Hitastig í leysiefnageymslu hefur ekki verið skráð í samræmi við starfsleyfi. Frávik þessa efnis var einnig skráð 2018 og 2021. **Hitamæli hefur verið komið fyrir í leysiefnageymslunni. Frávikinu telst lokið.**

### **Ein ábending var gerð í eftirlitinu en fimm frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Hiti í efnageymslu er samkvæmt síríta ítrekað yfir 20°C. Ætandi efni eru geymd í hillum ásamt öðrum efnum og ekki í lekabyttu. Niðurfalið við innkeyrslu hefur ekki verið varið gegn því að það renni af gólfi geymslunnar ofan í niðurfallið. **Búið er að lækka hitastig í hráefnageymslu. Ætandi efni eru nú geymd í lekabyttum. Kantur hefur verið steiptur (þó öfugu megin við niðurfallið) og niðurfallinu hefur verið lokað. Frávikinu telst lokið.**
2. Gr. 4.6 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skila grænu bókhaldi fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Fullnægjandi grænu bókhaldi vegna 2021 var ekki skilað fyrir 1 maí 2022. **Grænu bókhaldi var skilað þann 2. september og telst frávikinu því lokið.**
3. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Rekstraraðila er heimilt að framleiða ákveðið magn samkvæmt starfsleyfi. Rekstraraðili getur ekki sýnt fram á framleitt magn.
4. Gr 3.8 í starfsleyfi. Samkvæmt starfsleyfi skal skrá sérstaklega í rekstrarhandbók alla vinnu við olúskiljur og varnarþrær, þar með talið hvenær opnað, lokað, viðhald búnaðar og þess háttar. Einnig skal fylgjast með uppsöfnun í olúskiljur. Ekkert af þessu er skráð.
5. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Engar skráningar eru til yfir þá rekstrarþætti sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið sbr. gr. 4.1



**UMHVERFIS**

STOFNUN

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 25. október 2022.**

Virðingarfyllst,

Kristín Kröyer

*Sérfræðingur*

Sigríður Magnúsdóttir

*Sérfræðingur*